



Hvers vegna heimsækja ferðamenn kirkjur?

Jenný Björgvinsdóttir



**Líf- og umhverfisvísindadeild
Háskóli Íslands
2012**

Hvers vegna heimsækja ferðamenn kirkjur?

Jenný Björgvinsdóttir

10 eininga ritgerð sem er hluti af
Baccalaureus Scientiarum gráðu í Ferðamálafræði

Leiðbeinandi
Katrín Anna Lund

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Reykjavík, maí mánuður 2012

Hvers vegna heimsækja ferðamenn kirkjur?
Er hægt að tengja athafnir ferðamanna við pílgrímsferðir?
10 eininga ritgerð sem er hluti af *Baccalaureus Scientiarum* gráðu í Ferðamálafræði

Höfundarréttur © 2012 Jenný Björgvinsdóttir
Öll réttindi áskilin

Líf- og umhverfisvísindadeild
Verkfræði- og náttúruvísindasvið
Háskóli Íslands
Askja, Sturlugötu 2
101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Skráningarupplýsingar:
Jenný Björgvinsdóttir, 2012, *Hvers vegna heimsækja ferðamenn kirkjur?*
BS ritgerð, Líf- og umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands, 33 bls.

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, maí 2012

Yfirlýsing höfundar

Hér með lýsi ég því yfir að ritgerð þessi er samín af mér og að hún hefur hvorki að hluta né í heild verið lögð fram áður til hærri prófgráðu.

Jenný Björgvinsdóttir

Ágrip

Undanfarin ár hefur fjölgun ferðamanna til landsins farið langt fram úr öllum áætlunum og ef þessi þróun heldur áfram þarf að auka framboð á afþreyingu fyrir ferðamenn. Aðaláherslan á kynningu á landinu hefur verið náttúran og víðernin. Þörf er á að finna leiðir til að kynna margbreytileika menningararfs þjóðarinnar og gera hann sýnilegri. Heimsóknir ferðamanna í kirkjur hafa tíðkast í margar aldir og má tengja þær athafnir við menningartengda ferðaþjónustu.

Í þessari ritgerð verður greint frá niðurstöðum rannsóknar á kirkjuheimsóknum erlendra ferðamanna. Tilgangur rannsóknarinnar var að fá innsýn í hvers vegna ferðamenn heimsækja kirkjur. Ýmsir fræðimenn tengja athafnir ferðamanna sem heimsækja kirkjur við kenningar um pílgrímsferðir og verður það kannað nánar.

Í rannsókninni var notuð blönduð rannsóknaraðferð, það er bæði eigindleg og megindleg. Spurningarblað var afhent af handahófi þrjátíu erlendum ferðamönnum sem heimsóttu Háteigskirkju í júlímánuði 2011. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að þriðjungur ferðamannanna heimsóttu kirkjuna vegna byggingarlistar hennar, þar á eftir komu orðin menning, trú eða bæn.

Lykilorð: Kirkjur, athafnir, ferðamenn, pílgrímsferðir.

Abstract

In recent years the number of tourists to Iceland has reached all expectations, and if this trend will continue, there will be a need to increase the availability of entertainment for tourists. The primary focus presenting the country has long been nature and wilderness. On the other hand, tourists visiting churches have been common for many centuries and can be linked to the activities of cultural tourism. And for that matter, there is a need to find ways to promote diversity of the cultural heritage and make it more visible.

In this dissertation, I will report the results of the research, why foreign tourists visit churches. As the purpose of this study was to gain insight into why tourists visit churches. Furthermore, some scholars link the actions of tourists who visit churches to the theory of pilgrimage tours.

In this study a mixed research methods was used, both qualitative and quantitative. A questionnaire was handed out to thirty foreign tourists, who visited Háteigskirkja in July, 2011. The results indicated that one third of the tourists visited the church because of its architecture, followed by the words culture, religion or prayer.

Keywords: Churches, activities, tourist, pilgrimage tours

Efnisyfirlit

Ágrip.....	iv
Abstract.....	v
Efnisyfirlit.....	vi
Töfluskrá	vii
Þakkir	vii
1. Inngangur	1
2. Fræðileg nálgun	3
2.1 Þjóðkirkjan.....	3
2.2 Háteigskirkja.....	4
2.3 Tilbeiðslustaðir	4
2.4 Athafnir ferðamannsins.....	5
2.4.1 Athafnir – framsvið og baksvið	6
2.5 Pílagrímar og nútímaferðamaðurinn	7
2.6 Pílagrímsferð – markmiðsferð	8
2.6.1 Ferðamennska nútímans.....	10
3. Gögn og aðferðir	12
3.1 Aðferðarfræðin	12
3.2 Gagnasöfnun	12
3.3 Þátttakendur	13
3.4 Skráning og úrvinnsla gagna.....	13
4. Niðurstöður	14
4.1 Skoðanir erlendu ferðamannanna	14
4.1.1 Kyn þátttakenda.....	14
4.1.2 Þjóðerni þátttakenda.....	14
4.1.3 Trúhneigð þátttakenda.....	15
4.1.4 Hvernig staður er kirkja fyrir þig?	15
4.1.5 Af hverju heimsækir þú kirkjur?.....	16
4.1.6 Hefur þú heimsótt aðrar kirkjur á Íslandi?	16
4.1.7 Heimsækir þú venjulega kirkjur á ferðalögum?	17
4.1.8 Af hverju heimsóttir þú þessa kirkju?	17
4.1.9 Fannstu það sem þú leitaðir að?.....	18
5. Umræður og ályktanir	19
Heimildir.....	21
Viðauki	24

Töfluskrá

<i>Tafla 1: Kyn</i>	14
<i>Tafla 2: Þjóðerni</i>	14
<i>Tafla 3: Trúhneigð</i>	15
<i>Tafla 4: Hvernig staður er kirkja fyrir þig?</i>	15
<i>Tafla 5: Af hverju heimsækir þú kirkjur?</i>	16
<i>Tafla 6: Hefur þú heimsótt aðrar kirkjur á Íslandi?</i>	16
<i>Tafla 7: Heimsækir þú venjulega kirkjur á ferðalögum?</i>	17
<i>Tafla 8: Af hverju heimsóttir þú þessa kirkju?</i>	17
<i>Tafla 9: Fannstu það sem þú leitaðir að?</i>	18

Þakkir

Ég vil þakka þeim erlendu ferðamönnum sem gáfu sér tíma til að svara spurningalista mínum. Með þeirra tíma og aðstoð náði ég dýpri skilningi á hvers vegna þeir heimsækja kirkjur. Þeir voru mér ómetanleg aðstoð að gera verkefnið raunverulegt. Sérstaklega vil ég þakka systur minni Elísabetu Björgvinsdóttur og mági mínum Arnari Þóri Jónssyni fyrir alla þeirra hjálp og aðstoð. Einnig vil ég þakka vinkonu minni Steinunni Lindu Jónsdóttur fyrir yfirlestur, ábendingar og hvatningu. Leiðbeinandi minn Katrín Anna Lund fær mínar bestu þakkir fyrir gott samstarf, góða leiðsögn og hjálp við að ná betri tengslum við verkefnið.

1. Inngangur

Undanfarin ár hefur fjölgun ferðamanna til Íslands farið langt fram úr öllum áætlunum og ef þessi þróun heldur áfram þarf að auka framboð á afþreyingu fyrir ferðamenn. Hingað til hefur aðaláherslan á kynningu á landinu verið náttúran og víðernin. Þörf er á að finna leiðir til að kynna margbreytileika menningararfsins í landinu og gera hann sýnilegri. Heimsóknir ferðamanna í kirkjur hafa tíðkast í margar aldir og er það einn þáttur í menningartengdri ferðaþjónustu. Sögu- og menningartengd ferðaþjónusta er ört stækkandi hluti af ferðaþjónustu hér á landi. Samkvæmt könnun Ferðamálastofu á áhrifaþáttum um ákvörðun á Íslandsferð, hefur náttúra Íslands langmestu áhrifin og kemur íslensk menning og saga þar á eftir með um þriðjungs hlutdeild (Ferðamálastofa, 2011).

Í tölum frá Ferðamálastofu um hvaða svæði voru mest heimsótt af erlendum ferðamönnum sumarið 2011, kemur fram að langflestir þeirra heimsóttu höfuðborgarsvæðið eða 94,3% og 72% heimsóttu Suðurlandið. Innan við 50% erlendu ferðamanna heimsóttu aðra landshluta (Ferðamálastofa, á.á). Meðal dvalarlengd erlendra ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu árið 2011 voru tvær nætur (Hagstofa Íslands, á.á.).

Ferðamálastefna Reykjavíkurborgar fyrir árin 2011-2020 er að efla borgina sem áfangastað ferðamanna utan háannatímans. Borgin vill stuðla að vörupróun og nýsköpun í ferðaþjónustu í Reykjavík. Ætlunin er að efla viðburðadagatal Reykjavíkur og auka kynningargildi ýmissa árvissra viðburða með aðaláherslu á Reykjavík sem aðlaðandi áfangastað. Leggja á áherslu á Reykjavík sem eftirsóttá ráðstefnuborg og vettvang alþjóðlegra viðburða (Reykjavíkurborg, á.á.). Reykjavík var tilnefnd af Evrópusambandinu árið 2000 sem ein af níu menningarborgum Evrópu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið á.á.).

Á heimasíðu About.com, þegar valið er Scandinavia Travel, eru upplýsingar um mest sóttu og áhugaverðustu staðina fyrir ferðamenn sem koma til Reykjavíkur. Staðirnir sem eru nefndir eru m.a. Bláa Lónið, minjagripaverslanir á Skólavörðustíg og verslunarmiðstöðin Kringlan. Minnst er á hvalaskoðun, Perluna, söfn og einnig er bent á litskrúðugt næturlíf. Í sjöunda sæti á listanum er Hallgrímskirkja sem sést víða að úr borginni (Mapes T, 2012). Ferðaþjónustufyrirtækið Travelmuse setur á heimasíðu sína Hallgrímskirkju í fyrsta sæti sem áhugaverðan stað til að skoða. Á topp tíu listanum þeirra er Þjóðminjasafnið, Nauthólsvík, Esjan, Árbæjarsundlaug og Dómkirkjan er í tíunda sæti (Trevora Media, 2011). Á síðustu þremur árum hefur Ísland og Reykjavík verið áberandi í erlendum fjölmiðlum. Nokkrir stórir og virtir aðilar í ferðaútgáfu hafa nefnt Ísland sem góðan kost til að heimsækja. Útgáfufyrirtækið Lonely Planet, sem gefur út ferðahandbækur, setti Ísland í efsta sæti árið 2009 yfir hagstæðustu áfangastaðina árið 2010. Einnig nefna útgefendur Eyewitness Guides að Reykjavík sé tilvalin borg til að heimsækja vegna verðlags og aukins flugframboðs (Reykjavíkurborg, á.á.).

Ferðalög vekja upp löngun til að kynnast áfangastaðnum og menningu svæðisins. Ferðamenn röltu oft um og láta hugann reika og stoppa á stöðum sem vekja áhuga. Kirkjur geta orðið á vegi okkar og þá kemur upp í hugann löngun til að innbyrða fróðleik, sögu og upplifa eitthvað öðruvísi en í heimalandinu.

Í þessari ritgerð verður greint frá niðurstöðum rannsóknar á kirkjuheimsóknum erlendra ferðamanna. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna hvers vegna ferðamenn heimsækja kirkjur. Rannsóknarspurningin er því, *hvers vegna heimsækja ferðamenn kirkjur?* Er hægt að tengja athafnir ferðamanna sem heimsækja kirkjur við kenningar um pílgrímsferðir? Rannsóknarspurningunni er svarað í fræðilegu samhengi og borið saman við niðurstöður á eigindlegri og meginindlegri rannsókn sem höfundur gerði í Háteigskirkju í júlímánuði sumarið 2011. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að kanna ástæður fyrir heimsóknum ferðamanna í kirkjur og hvort þær heimsóknir samræmdust kenningum um pílgrímsferðir. Ein af þeim kenningum í ferðamálafræði sem settar hafa verið fram er eftir Eric Cohen. Hann heldur því fram að upphaf ferðamennsku hafi átt sér stað með pílgrímsferðum (Cohen, 1996). Fáar rannsóknir hafa verið gerðar á tengslum milli ferðapjónustu og trúar út frá guðfræðilegu sjónarhorni. Í upphafi var ferðapjónustan aðallega tengd trúnni og ferðalögum pílgríma. Í dag eru minni skil á milli pílgrímsferða og nútímaferða vegna þess að ferðapjónustan er bara eitt af mörgum fyrirbærum sem skilgreina nútímalíf (Sharpley, 2009). Choen (1998) bendir á að flest trúarbrögð líti á nútímaferðamennsku sem veraldlega starfsemi og hafi því lítið gildi fyrir trúarbrögðin.

Samkvæmt MacCannell (1992) snýst ferðamennska ekki bara um viðskipti, heldur felur hún í sér hugmyndafræðilega sviðsetningu á sögu, náttúru og hefðum. Sviðsetningu sem er þess megnug að endurmóta menningu og náttúru eftir þörfum ferðapjónustunnar (MacCannell, 1992).

Háteigskirkja er staðsett nálægt miðbænum en þegar erlendir ferðamenn sjá turnana fjóra blasa við vekkja þeir áhuga þeirra. Til að svala forvitninni leggja þeir leið sína að kirkjunni til að skoða byggingarlistina og menninguna. Spurningablað var afhent þrjátíu erlendum ferðamönnum af handahófi sem heimsóttu Háteigskirkju í júlímánuði 2011. Þeir voru frá mismunandi löndum og voru með mismunandi trúarlegan bakgrunn. Niðurstöður rannsóknarinnar á tilgangi heimsókna þeirra í kirkjuna sýnir að þeir voru ekki í pílgrímsferð heldur leitust þeir eftir að skoða byggingarlist og menningu. Spurningu um hvort þeir heimsæki kirkjur á ferðalögum sínum svöruðu þeir allir játandi. Einungis 10% þeirra nefndu bæn eða trú sem tilgang heimsóknar sinnar. Skoðun ferðamanna á hvernig staður kirkja væri voru mjög áþekkar. Aðspurðir komu þeir vegna byggingarlistarinnar, sjá mismunandi sögu og menningu og að lokum vegna bæna, friðar og fegurðar.

Ritgerðin skiptist í fimm kafla, í inngangskafli er rennt stuttlega yfir skipulag og markmið ritgerðarinnar, í öðrum kafla er kynning á þjóðkirkjunni, Háteigskirkju og hvað tilbeiðslustaðir eru. Skilgreint er hverjar eru athafnir ferðamanna og hvað pílgrímur er. Hvað eru pílgrímsferðir og hvað eru markmiðsferðir. Í þriðja kafla er greint frá rannsóknaraðferð og þátttakendum og í fjórða kafla eru niðurstöðurnar kynntar. Í fimmta kafla er farið yfir niðurstöður og dregnar af þeim ályktanir.

2. Fræðileg nálgun

Í þessum kafla verður fjallað um Þjóðkirkjuna, Háteigskirkju, tilbeiðslustaði, athafnir ferðamannsins og kenningar fræðimanna um pílgrímsferðir.

2.1 Þjóðkirkjan

Grunnbættir íslensku þjóðkirkjunnar eru mannrækt og menning. Kirkjan hefur því hlutverki að gegna fyrir þjóðina að hlúa að grunnstoðum íslensks samfélags á sviði trúar og menningar. Kirkjan á sér djúpar rætur í þjóðarhefðinni og er jafnframt hluti af alþjóðlegu kerfi og tekur virkan þátt í samstarfi kirkna heimsins. Kirkjur búa yfir ákveðinni kyrrð. Í dag er kyrrð munaðarvara og kirkjan býður uppá kyrrð og rými til bæna og íhugunar. Þeir sem eftir því leita beina sjón til þess helga og hins almáttuga (Þjóðkirkjan, á.á.). Hlutverk kirkjunnar er að vera staður þar sem fólk kynnist dulvitund sinni með ábyrgum hætti. Kirkjan veitir fólki kost á að spegla sig í trúartáknum og skoða möguleika sína og takmarkanir í gjöfulu samfélagi trúarinnar. Hún gefur einstaklingum kost á að þroska perónuleika þeirra með ýmsum aðferðum eins og bænalífi sem leiðir til einbeitingar hugans (Ulanov, 2001).

Íslensku þjóðkirkjunni tilheyra 360 byggingar sem skiptast í kirkjur, kapellur og bænahús (Vísindavefurinn, á.á.). Af þeim eru 204 kirkjur friðaðar og teljast margar þeirra til dýrgripa í íslenskri byggingarlist. Þær hafa mikið listrænt og sögulegt gildi og varðveita fjölbreytt safn kirkjugripa (Samgönguráðuneytið, 2001). Kirkjulegt starf skapar þátt í menningarsögu umhverfis síns og eru því hluti af menningu þjóðarinnar. Með því að varðveita og viðhalda gömlum kirkjum, kirkjustöðum, kirkjumunum og með nýbyggingum kirkna leggur kirkjan skerf til menningarsögunnar (Þjóðkirkjan, á.á.). Stór hluti ferðamanna sem koma hingað til lands notar tækifærið til þess að kynna sér menningu þjóðarinnar. Fornbókmenntir ritaðar á Íslandi eru einstakar og einhver mesta klassík í menningarsögu germanskra þjóða. Þessar bókmenntir eins og til dæmis goðafræði og Edduljóð tengjast sögu Norðmanna og annarra skandinavískra þjóða. Ljóst er að menningartengda ferðaþjónustu má efla og gera sýnilegri samanber skýrslu útgefna af samgönguráðuneytinu 18. maí 1995 sem fjallar um hvernig nýta megi menningarsögu þjóðarinnar í þágu ferðaþjónustu (Samgönguráðuneytið, 1995).

Á Íslandi eru mjög fáar gamlar kirkjubyggingar borið saman við önnur lönd í Evrópu en það stafar af endingarlitlu byggingarefni hér á landi. Elsta núverandi kirkjubyggingin er talin vera Hóladómkirkja, sem er steinkirkja, reist á seinni hluta 18. aldar (kirkjukort.net, á.á.). Við Kristnitökuna árið 1000 kynntust Íslendingar rittækni og hófu að byggja kirkjur. Þá gáfust áður óþekkt tækifæri til listsköpunar. Kirkjur áttu fjármagn til þess að láta útbúa listaverk guði til dýrðar og voru þær einu listasöfnin á fyrri tímum. Kirkjurnar voru skreyttar með máluðum skreytingum og ofnum tjöldum. Listþörf kirkna breyttist við siðaskiptin og í lútherskum sið var talið nægjanlegt að kirkjurnar ættu altarisöflu og kom hún í stað fyrra skrauts og mynda af heilögum dýrlingum. Talið er að sú staðreynd að kirkjur á Íslandi voru byggðar úr timbri en ekki steini eins og víða erlendis hafi átt sinn þátt í hversu lítið hefur varðveist af húsaskreytingunum (Laufey Guðnadóttir & Soffía Guðný Guðmundsdóttir, 2001).

2.2 Háteigskirkja

Fyrstu árin eftir stofnun Háteigsprestakalls þann 17. júlí árið 1952 var söfnuðurinn án kirkju og var þá messað í Fossvogskirkju og í hátíðarsal Sjómannaskólans. Bygging Háteigskirkju hófst í september 1957 og var hún vígð á aðventunni 1965. Kirkjan er tignarlega staðsett á hæð inni miðri íbúabyggð en það tekur um 20 mínútur að ganga að henni frá miðbæ Reykjavíkur. Kirkjan er hönnuð af Halldóri H. Jónssyni arkitekt og er byggingarstíllinn talinn vera einstakur þar sem helsta aðdráttarafl hennar eru fjórir kirkjuturnar sem prýða hana (Háteigskirkja, á.á.).

Hallgrímskirkjan og Dómkirkjan í Reykjavík draga að sér fjölda ferðamanna. Hallgrímskirkja er þjóðarhelgidómur og stærsta kirkja Íslands með 73 metra háan turn og rís hæst bygginga yfir höfuðborgina. Hún er jafnframt fjölsóttasti ferðamannastaðurinn í Reykjavík (Hallgrímskirkja, á.á.). Frá upphafi kristni í Evrópu hafa flestar þjóðir reist glæsilegar kirkjur. Á heimasíðu Europeish.com má sjá myndir af 79 fallestu kirkjum í Evrópu. Athyglisvert er að sjá að Hallgrímskirkja er þar á meðal og þar er sagt að um einstaka hönnun sé að ræða. Aðeins tvær kirkjur í Evrópu fengu þessa umsögn (Europeish, á.á.). Dómkirkjan í Reykjavík er í miðri höfuðborginni og staðsetning hennar er þannig að ferðamenn eru fljótir að koma auga á hana á ferð sinni um miðborgina. Álituð er að kirkja hafi verið til staðar í Reykjavík í um eittþúsund ár. Núverandi Dómkirkja byggir á grunni frá átjándu öld. Kirkjan var vígð árið 1796 og endurbyggð árið 1848 í núverandi mynd (Dómkirkjan, á.á.).

2.3 Tilbeiðslustaðir

Kirkjur eru tilbeiðsluhús kristinna manna. Páll postuli (5-67 e. Kr.) ferðaðist til þess að boða boðskap Jesú Krists. Á þeim tíma voru myndaðir söfnuðir sem hittust heima hjá trúbræðrum sínum og ræddu kenningar Krists. Þarna kann að hafa myndast vísir að fyrstu bænastöðunum. Síðar var farið að byggja kirkjur víðsvegar fyrir botni Miðjarðarhafsins (McKay o.fl., 2009) og talið er að elst þeirra sé Dura-Europos í Sýrlandi frá því um 235 (Silver, 2010). Konstantín mikli, Rómakeisari frá 272 til 337 varð fyrsti keisarin til þess að taka kristna trú. Hann stofnaði borgina Konstantinobel (síðar Istanbul) sem síðar varð höfuðborg kristinnar trúar. Þar í borg var tekin í notkun stór kirkja sem kölluð var Magna Ecclesia, árið 360. Síðar á 6. öld var hin mikla kirkja, Hagia Sofia, byggð á þessum stað. Sú kirkja var stærsta kristna kirkjan í heimi í yfir 1000 ár. Íslamar breyttu henni í mosku árið 1453 en henni var svo breytt í safn um 1930 (McKay o.fl., 2009).

Tilbeiðslustaðir innhalda mismunandi væntingar og vonir fyrir gesti sem heimsækja staðina. Forsenda heilagra staða er að gera trúaratriðin að heilögu formi sem nýtist gestum aftur og aftur. Fyrir pílagríma þá er hluti af því ferli að heimsækja heilaga staði sá að þeir innihalda ákveðna örvun og tilfinningar sem þeir geta endurspeglad sig í og hefur áhrif á sjálfsmýnd þeirra (Coleman, 2002). Heimsókn í kirkju fær gestinn til að upplifa ánægju í fornu rými. Bergmálið í kirkjum, dimmt og dulúðugt yfirbragð skilur gestinn frá veröldinni utandyra og gerir honum kleift að komast í annan heim þar sem tíminn hefur stöðvast og hann fjærlægist hið daglega amstur. Það er þýðingarmikið að kirkjan líti út fyrir að vera ósnert af nútímanum. Kirkjan getur verið rómantískur staður í huga fólks sem ætti að standa óbreytt um ókomna tíð. Raunin er þó ekki sú, kirkjum þarf að viðhalda og taka þær þá oft breytingum. Ferðamaðurinn sér hinsvegar kirkjuna sem rými sem á að varðveita og til að horfa á (Urry, 1990) en ekki til að breyta (Shackley, 2002).

2.4 Athafnir ferðamannsins

Eric Cohen heldur því fram að upphaf nútímaferðamennsku hafi átt sér stað í pílagrímsferðum. Pílagrímur hafi þurft að færa sig út fyrir sitt samfélag til að finna sinn andlegan kjarna sem er hluti af lífi hans. Nútímaferðamaðurinn er hinsvegar að leita að því sem er ólíkt í hans eigin umhverfi og menningarheimi (Cohen, 1996). Helstu ástæður heimsóknna ferðamanna í kirkjur er leit þeirra til að upplifa nýtt samfélag og menningu. Þeir leitast við að ná tengslum við umhverfið og tengingu við samfélagið þar sem þeir eru staddir (Cohen, 1996). Erfitt er að greina ferðamenn en margir fræðimenn hafa reynt að flokka ferðamenn niður í ýmsa flokka eftir hegðun, upplifun og væntingum þeirra. Samkvæmt franska félagsfræðingnum MacCannell (1999) er ferðamaðurinn, millistéttamaður sem skoðar sig um og ferðast um heiminn í leit að upplifun og reynslu. Hann leitar að einhverju raunverulegu og áreiðanlegu til þess að sætta sig við óreiðu nútímans (MacCannell, 1999). Ekki eru allir fræðimenn sammála um það hvernig sé best að flokka ferðamenn. Félagfræðingurinn Erik Cohen (1996) segir að það verði að skoða ferðamanninn út frá hans eigin samfélagi og menningu. Hann vill meina að, það að ferðast hafi mismikla þýðingu fyrir hvern og einn og að það fari eftir stöðu hans í samfélaginu og hvernig hann tengir sig samfélaginu. Cohen segir einnig að hver og einn maður hafi sinn kjarna og í nútímasamfélagi séu margir kjarnar sem geta meðal annars verið pólitískir, menningarlegir eða trúarlegir. Ferðamaður sé að leita að því sem er ólíkt í hans eigin menningarheimi og að hann reyni með því að skapa sér eigin kjarna í kjörnum annarra. Til þess að flokka ferðamenn, aðgreinir hann fimm mismunandi gerðir ferðamannaupplifunar.

1. Form skemmtunar (e. recreational mode). Ferðamaður í afþreyingarhug sem ferðast til að skemmta sér og til að hlaða batteríin. Hann sækist eftir að fara í kvikmyndahús, leikhús og á sólarströnd. Þess háttar ferðamennska þjónar þeim tilgangi fyrir nútíma manninn að fá útrás. Þegar hann er orðinn þreyttur á daglegu amstri og áreiðanleikinn er ekki lengur mikilvægur þá fer hann í frí.
2. Form breytinga (e. diversionary mode). Ferðamaður í leit að tilbreytingu. Viðkomandi hefur ekki tengsl við kjarna síns samfélags og samfélagið hefur enga þýðingu fyrir hann. Þeir ferðast til að flýja raunveruleikann og upplifa spennu. Ferðamaðurinn hefur ekki þörf á að styrkja tengsl sín við kjarnann.
3. Form reynslunnar (e. experiential mode). Fróðleiksfús ferðamaður sem er kjarnalaus einstaklingur sem finnst lífið tilgangslaust. Oft er þetta ungt fólk að leita að áreiðanleika í öðrum samfélögum og lætur drauminn verða að veruleika og ákveður að ferðast reynslunnar vegna. Ferðalög fyrir þennan hóp er að leita að einskonar kjarna annars staðar en í heimalandinu og finna sjálfið.
4. Form tilraunar (e. experimental mode). Ferðamaður sem hefur engin markmið og leit hans er stöðug í átt að ánægjunni. Hann er ekki í tengslum við sitt upprunalega umhverfi og veit ekki hverjar þarfir hans eru. Á þessum stað verður hann meðvitaður um sín eigin takmörk og nær sambandi við veruleikann og sér lífið í nýju ljósi.
5. Form tilverunnar (e. existential mode). Fortíðarþráhyggja hans er að ná markmiðunum og sigra þau. Það sem hefur verið fjarlægt og er framandi er komið á það form að ferðamaðurinn er sáttur við kjarnann og sjálfan sig. Hann upplifir ákveðið tilgangsleysi heima fyrir og vill finna kjarnann í öðru samfélagi.

2.4.1 Athafnir – framsvið og baksvið

Tim Edensor hefur fjallað um athafnir ferðamanna og flokkar ferðamenn eftir gjörðum þeirra en ekki eftir hvernig persónur þeir eru. Hann heldur því fram að ferðamenn leiki ákveðið hlutverk og með því að leika þetta hlutverk eru þeir að skapa ákveðna menningu í ferðaðþjónustunni. Við höfum ákveðnar hugmyndir um hvernig við eigum og eigum ekki að haga okkur. Ferðamennska er lært ferli, sem mótast af ákveðnu hugmyndalegu menningarkerfi sem segir okkur hvernig við eigum að haga okkur sem ferðamenn (Edensor, 2001).

Hegðun ferðamannsins þegar hann kemur á áfangastað byggist oft á frásögnum sem hann hefur fengið frá öðru fólki eða upplýsingum um viðkomandi stað í bæklingum eða fjölmiðlum. Þessar upplýsingar geta stjórnað því hvernig við högum okkur og hvernig við klæðum okkur á viðkomandi stað. Þær geta einnig haft áhrif á hvernig við högum okkur þegar við ferðumst ein eða í hópi með vinum. Edensor flokkar hegðun ferðamanna í þrjár mismunandi athafnir: Í fyrsta lagi í beina framkomu (e. directed performances) en í þannig hegðun láta ferðamennirnir stýra sér á ferðalögum með leiðsögn eða eftir fyrir fram gefnu handriti sem leiði þá hvert eigi að fara. Í öðru lagi í sjálfsmyndar framkomu (e. identity-oriented performance) þar sem ferðamenn leita eftir að upphefja sjálfsmyndina. Hvati bakpokaferðalanga er að upphefja sjálfsmyndina og þeir eru að reyna að finna sjálfan sig. Í þriðja lagi er framkoma hins óhefðbundna ferðamanns (e. non-conformist tourist performances). Þar kemur fram í ferðamanninum óþolinmæði gagnvart einhverju í umhverfinu sem getur oft stafað af menningarmun og neikvæðum viðbrögðum ferðamannsins við því (Edensor, 2001).

Edensor og MacCannell leita í smiðju Goffmans varðandi athafnir ferðamanna og styðja þá kenningu að siðir og venjur þeirra eru oft ómeðvitaðar. Að ferðamennskan kalli á ákveðna hegðun þegar við förum í ferðir og gerum þá allt annað en við erum vön að gera heima hjá okkur, en við séum meðvitað um ódmeðvitaða hegðun okkar. Samkvæmt kenningum Goffmans hafa ferðamenn tilhneigingu til þess að bregða sér í hin ýmsu hlutverk og væru þeir þá að sýna á sér framsviðið. En Edensor heldur hins vegar fram að ferðamenn sýni oft ákveðna hegðun óafvitandi og séu þá um leið að koma upp um baksviðið á sér (Edensor, 2001).

Ferðamenn fara margir hverjir sínar eigin leiðir á ferðalögum. Það sem einkennir ferðamenn er að þeir leita eftir upplifun í samræmi við líkamlegt atgervi, gáfur, aldur og eftir því hvað þeir hafi prófað áður. Því einkennist ferðalagið að miklu leyti hvernig persónuleiki ferðamaðurinn er og að hann geti ekki sloppið frá sjálfum sér (Perkins & Thorns, 2001). Nútíma ferðamaðurinn er meðvitaður um hlutverk sitt og að þeir komist aldrei að hinu sanna því þeir sjá alltaf bara það sem er sviðsett og geta aldrei komist út úr hlutverkinu að vera ferðamenn (Edensor, 2001). Yfirborðskennt álit á ferðamönnum er oft litið á þá að þeir séu eingöngu að ferðast sér til ánægju. Skoðun Cohens á mismunandi hegðun ferðamannsins er að ferðareynslan geri hann ekki að ákveðinni típu (Cohen, 1996). Kenning Urrys er að ferðamaðurinn ferðist eingöngu til að komast frá sínu venjulega daglega lífi. Í bók sinni „The tourist Gaze“ fjallar hann um áhorfið og að ferðamaðurinn væri að ferðast til að sjá og væri sjónrænn neytandi. Að ferðamenn upplifi ferðamannastaði mismunandi og að glápið sé byggt á andstæðum (Urry, 1990). Margir fræðimenn eru ekki sammála honum og vilja Perkins og Thorn meina að athafnir ferðamannsins séu mikilvægari en áhorf ferðamannsins (Perkins & Thorns, 2001).

2.5 Pílagrímur og nútímaferðamaðurinn

Upprunalega merkir orðið pílagrímur langt að kominn maður og er það íslenskun á latneska orðinu peregrinus (Jón Björnsson, 2002). Merking orðins þýðir maður sem ferðast til heilagra staða í trúarlegum tilgangi. Pílagrímur ferðast með það markmið í huga að fá syndaflausn og verða betri maður. Ferðir pílagríma fyrir á öldum gátu verið miklar svaðilfarir og snéru alls ekki allir pílagrímur aftur heim. Það var samt ekki alvont, því sá sem týndi lífinu í pílagrímsferð átti sáluhjálp svo gott sem vísa (Jón Björnsson, 2002). Graburn Nelson (1978), skilgreinir muninn á pílagrími og ferðamanni nútímans þannig að pílagrímurinn ferðist til að komast í snertingu við sitt innsta andlega eðli. Það getur verið hluti af lífheimi hans og er landfræðilega staðsett utan hans daglega samfélags. Nútímaferðamaðurinn ferðist frá sínu eigin umhverfi til að upplifa umhverfi annarra (Graburn, 1978).

Hjalti Hugason fjallar um pílagríma á annan hátt en aðrir fræðimenn. Hann rekur hugsanagang pílagrímsins sem er einn á ferð eða með öðrum á leið til fyrirheitna staðarins. Honum gefast mörg tækifæri til að hugsa um ævi sína, rifja upp fortíð sína og huga að því sem eftir er af hans lífi. Hjalti telur að hann hugsi upp á við og niður á við, inn á við og út á við. Hann nái þannig tengslum við sitt innsta eðli og að pílagrímurinn verði ekki sami maður eftir ferð sína. Hann gengur inn í nýja og þrönga samtíð sem skerpir sýn hans á nálægðina og nærumhverfið. Hann verður næmari fyrir því sem fyrir augu og vitund ber á ferðalaginu sínu. Pílagrímurinn ferðast ekki í samtíma sínum einum, hann ferðast líka fram í tímann og aftur í tímann. Hann ferðast til helgra sögustaða trúarbragða sinna hvort sem þeir tengjast upphafi trúarinnar eða síðari tíma viðburða. Pílagrímurinn er allur þar sem hann er séður sem er öfugt við það sem flestir segja um náungann. Nútíma pílagrímur ferðast í minna mæli af trúarlegum ástæðum og í dag er útivist og líkamsrækt í tísku (Hjalti Hugason, 2000).

Luigi Tomasi fjallar um pílagrímsferðir og ferðamennsku í „Encyclopedia of Religion and Society“ á einkennum og samspili þeirra á okkar tímum. Hann heldur því fram að nútímaferðamaðurinn hafi sömu markmið og pílagrímur. Að þeir séu að leita að áreiðanleika en með mismunandi áherslum og þátttöku. Skoðanir hans eru að pílagrímur eru að hluta til ferðamenn og að ferðamenn að hluta til pílagrímur. Í dag er boðið uppá bæði trúar- og menningarlegar ferðir sem færir sönnun á sameiginlegri þörf þessara tveggja hópa. Þetta þýðir að nútímaferðamaðurinn er að leita að trúarlegum gildum til að losna undan nútíma þjóðfélagi og menn eru því pílagrímsferðamenn nútímans. Pílagrímsstaðir séu aftur farnir að draga til sín fjölda pílagríma og blandist þar nútímaferðamönnum í fríi (Swatos Jr. & Tomasi, 2002).

Gestir til heilagra staða hafa fjölmargar ástæður og áhugamál og sumar hafa ekkert með trú að gera en tengjast fríi eða ferðum sem farnar eru af félagslegum eða menningarlegum ástæðum. Helstu niðurstöður rannsókna fræðimanna á mismun á nútímaferðum og pílagrímsferðum er að nær ómögulegt er að greina á milli ferðamanns í trúarlegum tilgangi og nútímaferðamanns þar sem þeir eru báðir tengdir hvor öðrum í sameiginlegu rými. Pílagrímurinn leggur áherslu á að ljúka sínum skyldum án nokkurra hindrana á meðan nútímaferðamaðurinn ferðist eingöngu til að njóta lífsins (Andriotis, 2009).

Richard Sharpley (2009) telur að helstu ástæður heimsókna ferðamanna til helgra staða séu:

- Andlegur eða trúarlegur tilgangur, til íhugunar og til að taka þátt í trúarlegum athöfnum.
- Arfleifðar- og menningarlegur tilgangur eins og áhugi á byggingarlist og trúarlegri menningu.
- Vegna sérstaks áhuga á til dæmis tónlist eða til ljósmyndunar.
- Fyrir fram ráðgerðar eða skyndilegar heimsóknir á trúarlegan stað.

Margar rannsókir hafa sýnt að vaxandi fjöldi fólks kýs að skilgreina sig frekar sem andlegrar trúar en að aðhyllast ákveðin trúarbrögð (Sharpley, 2009).

2.6 Pílagrímsferð – markmiðsferð

Pílagrímsferð er það kallað þegar kaþólskir eða meðlimir rétttrúnaðarkirkjunnar fara í ferðalag til helgra staða í þeirri von að verða bænheyrðir, fá syndaaflausn eða líkamlegar náðargjafir að launum. Pílagrímsferðir hafa verið þekktar allt frá 2. öld (Ragnar Geir Brynjólfsson, 2012). Pílagrímsferð hefur verið lýst sem ferð einstaklings eða hópa fólks sem stefna á óþekktan stað til þess að njóta blessunar, fyrirgefningar eða lækningar (Swatos Jr. & Tomasi, 2002). Hjalti Hugason telur að pílagrímsferðir séu gönguferðir sem eru farnar í andlegum tilgangi og stefna að trúarlegu markmiði. Þær séu gamalgróið einkenni á öllum trúarbrögðum, þ.e. átrúnaði sem tengist ákveðnum persónum og þar með afmörkuðum stöðum (Hjalti Hugason, 2000). Coleman gerir lítið úr því hvernig hugtakið pílagrímsferð (e. pilgrimage) er skilgreint. Það muni breytast með tímanum og öðrum þjóðfélagsbreytingum (Coleman, 2002). Morinis segir að pílagrímsferð sé „leit að hinu helga“ og bætir við að pílagrímsferð þurfi að innihalda bæði ferðalag og markmið. Þar af leiðandi megi þýða enska orðið „pilgrimage“ sem markmiðsferð (Coleman, 2002).

Pílagrímsferðir eru tákni um breytingu, athöfn þar sem þátttakendur skilja við hið daglega líf sitt og ferðast til einskismannslands. Pílagrímsferð felur í sér ákveðna helgiathöfn þar sem þeir stíga yfir þröskuld sem breytir þeim á einn eða annan hátt. Breytingin getur verið margskonar, til dæmis breytt samfélagsstaða, úr barni í fullorðinn, eða breyting sem leiðir til fyrirgefningu syndanna. Það er sameiginlegt flestum helgiathöfnum sem fela í sér slíkar breytingar og endurnýjun að þeim má skipta í þrennt. Fyrst er stigið úr hinu hefðbundna hversdagslífi. Annar þáttur umbreytingarinnar felst í athöfninni sjálfri á meðan pílagrímarnir eru staddir á mörkum hins gamla og nýja lífs. Þessi þáttur getur verið fólgin í því að komast í snertingu við til dæmis heilagt skrín. Að loknum þessum umbreytingarþætti er komið að þriðja og síðasta þættinum. Hinn kristni pílagrímur snýr aftur til síns heima með hreint syndavottorð. Nái hann til síns heima bíður hans að segja hinum heimasitjandi frá ferðum sínum og upplifunum og er vegna reynslu sinnar tekin í virðingarmanna tölu (Elísa Guðrún, 2003).

Pílagrímsferðir á trúargrundvelli er hægt að kalla fyrsta vísinn að ferðamennsku í sögunni. Áður ferðuðust menn um heiminn aðeins til að versla eða til að leggja undir sig ný lönd. Pílagrímur hafa haft það fyrir sið að taka með sér minjagripa heim og var tilgangurinn að eiga eitthvað til minja um ferðina sem áþreifanlega sönnun þess að hafa komið á staðinn. Pílagrímur á miðöldum fóru gjarnan í stórum hópum. Þannig gátu þeir hjálpast að í framandi umhverfi og varist betur ræningjum sem alls staðar voru ógn við ferðamenn.

Sameiginleg lífsreynsla pílagraíma er oft mjög dulræn og hefur í för með sér mikla breytingu í þeirra lífi eða jafnvel eitthvað í líkingu að endurfæðingu (Elísa Guðrún, 2003).

Algengastar urðu pílgrímsferðir á miðöldum. Hér á landi streymdi fólk til biskupssetrana á stórhátíðum og einnig fór það utan og jafnvel alla leið suður til Rómar eða Jerúsalem. Í Evrópu urðu þetta mjög fjölmennar ferðir og á algengustu leiðunum voru reist sérstök gistihús fyrir pílagraíma. Nikulás ábóti á Munkaþverá skrifaði leiðarlýsingu handa norrænum pílagramum til Rómar og til Landsins helga. Vitað er um fræga Íslendinga sem gengu suður en ferðir sem þessar voru ekki á færi neinna nema efnaða fólksins (Ragnar Geir Brynjólfsson, 2012). Krossferðirnar miklu má líta á sem pílgrímsferðir en þær voru sérstakar á sinn hátt. Vopnaðar pílgrímsferðir í þeim tilgangi að leysa heilaga staði undan hernámi villutrúarmanna. Pílgrímsferðum hefur réttilega verið lýst sem einstaklings- eða hópferð fólks til staðar sem það þráir en gæti verið þeim óþekktur. Ferðunum má lýsa sem ferð í trúarlegum tilgangi sem nær hámarki í heimsókn á stað sem talinn er tengdur hinu yfirnáttúrulega eða staðar þar sem það er auðveldara að nálgast guðlega hjálp. Skýring þessi lýsir ósk pílgrímsins fyrir náðun og leitun að sambandi við hið almáttuga. Pílagramum finnst nauðsynlegt að ferðast til staða sem eru sveipaðir dulúð og þar sem tengsl við trúna er augljós. Þetta eru staðir þar sem pílagramurinn fær andlega hvatningu og þar sem hann leitast eftir blessun hins guðdómlega, fyrirgefningu syndanna eða lækningu sinna meina (Swatos Jr. & Tomasi, 2002).

Líkamlegar þjáningar pílagraíma eru túlkaðar á mismunandi vegu eftir því í hvernig hópi hann er og hver staða hans er innan hópsins. Ræða má um tvo mismunandi hópa. Annar hópurinn sækist eftir möguleikanum á kraftaverki til að lækna líkamlega ágalla sína en hinn hópurinn sækist eftir að færa fórnir og þjáningar með áherslu á endurlausn fórnar Jesú Krists á krossinum. Að kaþólskum sið hafa pílgrímsferðir verið álitnar sem yfirbót og voru á miðöldum teknar upp sem refsing fyrir veraldlega hegðun. Harðræðið og hættarnar sem fylgdu ferðunum og skorturinn á veraldlegum gæðum sem hinir iðrandi pílagramar þurftu að þola á ferðum sínum voru álitnar stuðla að fyrirgefningu Guðs. Í flestum tilfellum er aðalástæða þess að fara í pílgrímsför að óska eftir þóknanleika Guðs eða hins heilaga staðar fyrir að hafa lagt á sig förina. Hinir heilögu staðir eru eins og skiptistöð milli himins og jarðar og þar fara fram samskipti hins mannlega og hins heilaga. Í skiptum fyrir líkamlegu áreynsluna og iðrunina fæst syndaaflausnin.

Pílgrímsferðir hófust að einhverju ráði á sjöundu öld og náðu hámarki á tólftu og þrettándu öld. Þá var guðleg náðun þráhyggja hvers manns og pílgrímsferð var mesta fjárfestingin sem hægt var að leggja í til að öðlast eilíft líf. Því var trúað að meinlætaliðnaður í þessu lífi drægi mjög úr sálarkvölum í næsta heimi. Pílgrímsferðir áttu líka að taka langan tíma og vera erfiðar og jafnframt áttu þær að reyna á líkamlegt og andlegt þrek pílgrímsins. Pílagramurinn, sem vegfarandi guðs, var álitinn dáinn einu ári og einum degi frá því að af honum hefði spurst. Pílgrímsferðir höfðu mikil áhrif á þjóðfélög miðalda og gegndu þær þýðingarmiklum hlutverkum við uppbyggingu vega, sjúkrahúsa, gistiheimila, markaða og á þróun samfélaga á allan hátt. Það var talin skylda heimamanna á pílgrímsslóðum að þjóna pílagramnum á sem bestan hátt og var sú gjörð liður í því að dýrka guð.

Á sextánda öld varð mikil breyting á ferðalögum fólks í Evrópu. Martin Luther setti fram kenningar sínar og fylgjendur hans yfirgáfu kaþólsku kirkjuna og stofnuðu sína söfnuði. Lúther var á móti pílgrímsferðum en kaþólska kirkjan hélt ennþá fast í þetta form trúarhefðar. Á þessum tíma voru ferðamenn ekki eingöngu pílagramar í trúarferðum eða kaupmenn með austurlenskt krydd heldur líka menntamenn og predikarar hinnar nýju

mótmælendatrúar. Pílagrímsferðir voru í upphafi bundnar við auðugari stéttirnar en þeir sem voru fátækari fóru nú í meira mæli að taka þátt í slíkum ferðum. Í byrjun sautjándu aldar var fyrsta ferðabókin um ferðir á meginlandi Evrópu gefin út. Bókin „Fynes Morysons’s Itinerary“ kom út árið 1618 og var bæði fyrir almenning og pílagríma sem voru að ferðast til helgra staða í Evrópu eða til Landsins Helga. Í Evrópu varð til ný hugsun sem markaði upphafið á „Grand Tour“ sem stóð í um það bil þrjár aldir, frá þeirri sextándu til þeirrar átjándu. Helstu einkenni „Grand Tour“ var hreyfanleiki og þráin að ferðast. Ferðalög urðu einskonar könnunar- og rannsóknarleiðangrar þar sem ferðamenn þessa tíma höfðu mikinn áhuga á klassískri menningu og varð þá til „listin að ferðast“. Renaissance tímabilið sem hófst á sextándu öld varð upphafið að nýjum tengslum fólks við sitt heilaga. Þá breyttust ferðir úr ferðalögum í trúarlegum tilgangi í menningarferðir. Ferðalangar í Evrópu fóru að fara í „tilgangslausar ferðir“. Því gat endamarkið breyst eftir ósk hvers og eins, öfugt við pílagrímsferðir sem voru markmiðsferðir. Ferðalag varð valkostur en ekki lengur skylda og það varð frjáls ákvörðun hvers og eins (Swatos Jr. & Tomasi, 2002). MacCannell fjallar um kenningu í tilvistarstefnu einkum í kristnum fræðum. Þar bendir hann á að það reyni á siðferðislegan stöðugleika í nútímanum að skoða sjálfið og stöðugleika þess (MacCannell, 1999).

2.6.1 Ferðamennska nútímans

Á sautjándu og átjándu öld fækkaði pílagrímsferðum verulega. Upplýsingaöld hófst með mikilli trú á tækni og framfarir. Ferðamenn fóru að ferðast af ánægju og gleði. Á nítjándu öldinni fór að verða erfitt að greina á milli pílagríms og ferðamanns. Lítil munur var á klæðaburði og hegðun þeirra. Þekktir pílagrímsstaðir eins og Lourdes í Frakklandi gáfu út bæklinga sem voru bæði fyrir pílagríma og hinn almenna ferðamann. Þægindi nútíma ferðamennsku hafa leitt til mikillar fjölgunar ferðamanna um allan heim. Um 400 þúsund ferðamenn komu árlega til Rómaborgar árið 1900, en nú eru þeir árlega yfir 10 milljónir. Steinninn sem pílagrímurinn notaði sem svæfil og tákn iðrunar hefur nú verið leystur af hólmi af farsímum sem eru tákn nútíma þæginda (Swatos Jr. & Tomasi, 2002).

Fræðilegar rannsóknir á tengslum nútíma ferðabjónustu og trúarferða hafa sýnt fram á að tengsl eru á milli nútíma ferðamannsins og pílagrímsins. Í grunninn er hegðun nútíma ferðamannanna og pílagríma talin vera svipuð, þeir nýta báðir bjónustu ferðabjónustuaðila og þurfa gistingu. Pílagrímar taka þátt í nútíma ferðamannahegðun eins og skoðunarferðum og kaupum á minjagripum. Þannig má líta á pílagrímsferð sem eina gerð af nútíma ferðum. En hvati pílagrímsferða er augljóslega annar. Richard Sharpley vitnar í Cohen (1992) þar sem hann bendir á að pílagrímar ferðist í átt að ákvörðunarstað eða að kjarnanum en nútíma ferðamenn ferðist frá kjarnanum til einhvers annars ánægjulegs staðar. Engu að síður er því haldið fram að í nútíma þjóðfélögum séu pílagrímsferðir og ferðamennska mjög álíkar, þær bjóða pílagrímunum og ferðamönnum andlega reynslu á áfangastaðnum (Sharpley, 2009).

Myra Shackley flokkar gesti í dómkirkjur í tvo grunnflokka. Þá sem fyrst og fremst koma vegna trúarlegrar hvatningar og þá sem koma af hvöt vegna arfleifðar ferðabjónustu. Aðal hvatinn fyrir heimsókn fyrir þá sem tilbiðja og ferðamenn er að fá andleg skilaboð frá „anda staðarins“ (Shackley, 2002). Mikil endurvakning á heimsóknum ferðamanna í kirkjur seint á tuttugustu öldinni er ekki aðeins hægt að sjá á fjölda ferðamanna sem heimsækja kirkjur heldur einnig á aukningu pílagríma og trúarlegra hefða bæði í Bretlandi og Evrópu. Áætlað er að um 3,5 milljónir ferðamanna heimsæki Santiago de Compostela á Spáni á hverju ári og 12 milljónir ferðamanna heimsækir dómkirkjuna í París, Notre Dame, á hverju ári (Shackley, 2002).

Gestum enskra dómkirkna hefur fjölgað á sama tíma þegar tölur hafa sýnt fækkun þeirra sem tilheyra Ensku biskupakirkjunni. Þetta vekur upp spurningar hvort heimsóknir ferðamanna í kirkjur séu að koma í staðinn fyrir aðsókn í þjónustu kirkjunnar. Hluti af þeim gæti verið fólk sem aðhyllist „nú tíma andagift“ og er ekki bundið við trúarlega söfnuði (Shackley, 2002).

Shackley (2002) bendir á að þótt að það hafi fækkað í söfnuðum kirkna í Bretlandi á undanförunum árum þá hafi heimsóknir ferðamanna í kirkjur og dómkirkjur aukist. Telur hún skýringuna vera að í dag er þrýstingur að gera marga hluti á sem stystum tíma en ekki eyða of miklum tíma í þá. Ferðamaðurinn fari í flýti inn á tilbeiðslustaði til að verða fyrir andlegri upplifun og þótt að litlum tíma sé eytt á staðnum er það engu að síður mjög mikilvæg heimsókn (Shackley, 2002).

3. Gögn og aðferðir

Í eftirfarandi kafla er gerð grein fyrir aðferðum meginlegra og eigindlegra rannsóknaraðferða, gagnasöfnun, þátttakendum, skráningu og úrvinnslu gagna.

3.1 Aðferðarfræðin

Helstu aðferðir sem notaðar eru við gagnasöfnun eigindlegra rannsókna eru hálfstöðluð og óstöðluð opin einstaklingsviðtöl, þátttökuathuganir, rýnihópaviðtöl og orðræðugreining á fyrirliggjandi gögnum (Esterberg, 2002). Eigindlegar rannsóknir eiga vel við þegar ná á dýpri skilningi á viðfangsefninu en meginlegar rannsóknir veita. Með eigindlegri rannsókn er leitast við að skilja félagsleg fyrirbæri með eigindlegum aðferðum. Þær eru notaðar þegar rannsóknarspurningin inniheldur t.d. orðin hvenær, hvernig og hvers vegna. Þessi aðferð veitir dýpri og nákvæmari skilning og lýsir veruleika og upplifun annarra án þess að lagt sé mat á viðfangsefnið (Esterberg, 2002).

Meginlegar rannsóknir snúast um að nýta sem best þær upplýsingar sem hægt er að fá með tölulegum gögnum. Það er gert með gagnaöflun, skráningu og úrvinnslu gagna og túlkun á niðurstöðum (Anna Helga Jónsdóttir & Sigrún Helga Lund, 2010). Í dag er hægt að fá tölulegar upplýsingar um nánast allt milli himins og jarðar. Rannsakendur meginlegra rannsókna rannsaka mælanlegar félagslegar staðreyndir og flokka gögnin niður í breytur og afla sér tölfræðilegar upplýsingar um þær. Breytur eru mælanleg einkenni t.d. kyn, aldur og menntun. Kostirnir eru möguleikar á að rannsaka stóran hóp með stöðluðum spurningum (Anna Helga Jónsdóttir & Sigrún Helga Lund, 2010).

3.2 Gagnasöfnun

Rannsóknaraðferðin er bæði eigindleg og meginleg og er það kallað blönduð rannsóknaraðferð (e. mixed methods) (Clark & Creswell, 2007). Það er gert til að nýta það besta úr hvorri aðferð fyrir sig og fá þannig betri innsýn í hver ferðamaðurinn er og hverjar eru athafnir hans á ferðalögum. Grundvallar skýring á blandaðri rannsóknaraðferð er að þær auka gildi hvorrar aðferðar fyrir sig. Það sem aðra rannsóknaraðferðina skortir bætir það hina upp. Niðurstöður hvorrar rannsóknar fyrir sig geta staðið einar og sér en með því að blanda þeim saman fæst mun betri niðurstaða (Clark & Creswell, 2007).

Spurningarblaði með fjórum lokuðum spurningum (meginleg rannsókn) og fimm opnum spurningum (eigindleg rannsókn) var afhent erlendum ferðamönnum sem heimsóttu Háteigskirkju í júlímánuði 2011. Markmið spurninganna var að afla upplýsinga um skoðanir og hugleiðingar þeirra. Í eigindlega hlutanum eru opnar spurningar til að fá skýringar á hvers vegna ferðamenn heimsækja kirkjur. Hvernig staður er kirkja fyrir ferðamanninn, af hverju hann heimsækir þessa kirkju og hvort hann hafi fundið það sem hann leitaði að? Svarandinn hefur þá val um að koma með svör frá eigin brjósti. Meginlegi hlutinn eru lokaðar spurningar þar sem svarendur eru spurðir um kyn, þjóðerni, trú sína og hvort þeir heimsæki vanalega kirkjur á ferðalögum sínum. Einnig var spurt hvort viðkomandi hafi heimsótt aðrar kirkjur í ferð sinni til landsins. Ferðamenn voru valdir af handahófi og rannsakanda var í öllum tilfellum vel tekið þar sem enginn neitaði

Þátttöku í rannsókninni. Einnig voru notaðar bækur og ritrýndar heimildir í upplýsingaöflun um pílgrímsferðir.

3.3 Þátttakendur

Alls tóku þrjátíu einstaklingar þátt í rannsókninni. Flestir þeirra voru Þjóðverjar eða alls átta talsins. Bretar voru næst flestir eða sex talsins. Aðrar þjóðir höfðu færri þátttakendur sem skiptust þannig að Frakkar og Hollendingar voru þrír af hvoru þjóðerni. Tveir voru frá Eistlandi, tveir frá Noregi, tveir frá Sviss, einn frá Rússlandi, einn frá Spáni, einn frá Ítalíu og eitt svarblað var með engu þjóðerni. Hópur þátttakenda skiptist í átján konur og 12 karla. Af þátttakendum voru fimm Lútherstrúar, tíu kaþólskrar trúar og fimmtán sem aðhylltust önnur trúarbrögð. Ekki var beðið um aldur þeirra á spurningablaði en rannsakandi giskar á að aldursbil þeirra hafi verið 25-65 ára.

3.4 Skráning og úrvinnsla gagna

Eftir að allra gagna hafði verið aflað og skráningu þeirra lokið hófst úrvinnsla og greining. Við greiningu voru svörin við lokuðu spurningum flokkuð niður og við opnu spurningunum voru svörin marglesin yfir og aðalatriði dregin fram. Því næst var markvissri kóðun beitt með því að greina ákveðin þemu á kerfisbundinn hátt (Esterberg, 2002). Þá kom orðið byggingarlist, langoftast fram.

4. Niðurstöður

4.1 Skoðanir erlendu ferðamannanna

Í þessum kafla verður greint frá niðurstöðum byggðar á spurningablaði sem var lagt fyrir þrjátíu erlenda ferðamenn í Háteigskirkju í júlímánuði 2011.

Talin voru þrjátíu svör við öllum spurningum nema við spurningu fimm sem svarað var með samtals þrjátíu og fjórum svörum (sjá töflu 5).

4.1.1 Kyn þátttakenda.

Tafla 1: Kyn

Kyn	Fjöldi	Prósentuhlutfall
Karlar	12	40%
Konur	18	60%
Samtals:	30	100%

4.1.2 Þjóðerni þátttakenda.

Tafla 2: Þjóðerni

Þjóðerni	Fjöldi	Prósentuhlutfall
Þjóðverjar	8	27%
Bretar	6	20%
Hollendingar	3	10%
Frakkar	3	10%
Norðmenn	2	7%
Svisslendingar	2	7%
Eistar	2	7%
Ítali	1	3%
Spánverji	1	3%
Rússi	1	3%
Ótilgetið	1	3%
Samtals:	30	100%

4.1.3 Trúhneigð þátttakenda.

Spurningunni um trúhneigð svöruðu 61% að þeir væru kristinnar trúar, 16% sögðust aðhyllast önnur trúarbrögð og 23% svöruðu að þeir væru trúleysingjar. Þrátt fyrir hnignun kristinnar trúar á Vesturlöndum þá heimsækir stór hópur ferðamanna kirkjur. Ferðamenn heimsækja ekki endilega kirkjur vegna trúarinnar, heldur jafnvel vegna sögunnar þar sem þær eru einskonar söfn margra listgripa. Þegar við ferðumst má nánast alhæfa að flestir koma við í kirkjum. Eins og Edensor (2001) kemur inná er ferðamennska lært ferli. Þegar við komum í kirkjur fyllumst við ákveðinni lotningu og berum virðingu fyrir staðnum.

Tafla 3: Trúhneigð

Trúhneigð	Fjöldi	Prósentuhlutfall
Kapólkstrúar	11	38%
Lútherstrúar	7	23%
Engin trú	7	23%
Efasemda Búddistar	2	7%
Orthodox	1	3%
Enska biskupakirkjan	1	3%
Ótilgreind trú	1	3%
Samtals:	30	100%

4.1.4 Hvernig staður er kirkja fyrir þig?

Fyrsta opna spurningin var „Hvernig staður er kirkja fyrir þig?“. Af þrjátíu svörum kom orðið „trú“ eða „bæn“ fyrir í tólf tilvikum eða 40% svara. Orðið „friður“ kom þar á eftir með átta svör eða 26% tilvika. Önnur svör komu sjaldnar upp. Ef skoðuð eru svör þeirra sem aðhyllast enga trú var kirkja fyrir þeim „heilagur staður“ staður friðar, staður tákna og einn svaraði „staður með byggingarlist, menningu og sögu og ég hef félagslegan áhuga“. Þegar svör þeirra tveggja efasemdarmanna sem aðhyllast Búddatru, var skoðun þeirra nánast sú sama á hvernig staður kirkja væri. Annar svaraði „staður fegurðar og þagnar“ og hinn svaraði „staður til að skoða og dást að“. Kona sem var Lútherstrúar svaraði þessari spurningu þannig að kirkja væri „staður eins og heimili, vinalegur, rólegur og til að segja takk Guð“.

Tafla 4: Hvernig staður er kirkja fyrir þig?

Svör	Fjöldi	Prósentuhlutfall
Trú/bæn	12	40%
Friður	8	26%
Fegurð	3	10%
Kyrrð	2	7%
Saga	2	7%
Byggingarlist	2	7%
Góður	1	3%
Samtals:	30	100%

4.1.5 Af hverju heimsækir þú kirkjur?

Önnur spurning var „Af hverju heimsækir þú kirkjur?“. Orðið „arkitektúr“ sem má þýða sem byggingarlist kom tíu sinnum fyrir eða 29% tilvika. Orðið „menning“ kom sjö sinnum fyrir eða 20% tilvika. Sex aðilar komu „til að skoða“ sem gerir 18% tilvika. Önnur svör komu sjaldnar upp. Svör þeirra sem eru án trúar var ekkert í tengingu við trú. Þeirra svör voru helst þessi: Af áhuga, fallegar, áhugamál og fallegir staðir, ganga í kringum kirkjur og til að sjá fallegan „arkitektúr“, læra um sögu og menningu umhverfisins. Aftur kom áhugavert svar frá konu sem var Lútherstrúar en hún skrifaði: „Líkar mismunandi leiðir hvernig fólk hennar trúna. Stundum er auðveldara að biðja í kirkju en úti“. Eitt svar frá kaþólskri konu frá Þýskalandi var á þess leið: „Líkar að sjá mismunandi útbúnað í kirkjum, liti og stíl“.

Tafla 5: Af hverju heimsækir þú kirkjur?

Svör	Fjöldi	Prósentuhlutfall
Byggingarlist	10	29%
Menning	7	20%
Skoða	6	18%
Biðja	3	9%
Friður	3	9%
Fegurð	3	9%
Ferðamaður	2	6%
Samtals:	34	100%

4.1.6 Hefur þú heimsótt aðrar kirkjur á Íslandi?

Þriðja opna spurningin var „Hefur þú heimsótt aðrar kirkjur á Íslandi?“. Tuttugu og sjö þátttakendur svöruðu „já“ og þrír svöruðu „ekki ennþá“.

Tafla 6: Hefur þú heimsótt aðrar kirkjur á Íslandi?

Svör	Fjöldi	Prósentuhlutfall
Já	27	90%
Ekki ennþá	3	10%
Samtals:	30	100%

4.1.7 Heimsækir þú venjulega kirkjur á ferðalögum?

Við fjórðu spurningunni sem var lokuð já eða nei spurning „Heimsækir þú venjulega kirkjur á ferðalögum?“. Allir þátttakendur svöruðu þessari spurningu játandi.

Tafla 7: Heimsækir þú venjulega kirkjur á ferðalögum?

Svör	Fjöldi	Prósentuhlutfall
Já	30	100%
Nei	0	0%
Samtals:	30	100%

4.1.8 Af hverju heimsóttir þú þessa kirkju?

Fimmta spurningin var opin, „Af hverju heimsóttir þú þessa kirkju?“. Af þrjátíu svörum kom orðið „byggingarlist“ fyrir tíu sinnum eða um 33% tilvika. Fimm svöruðu vegna áhuga sem gerir um 18% þátttakenda. Önnur þema svör komu sjaldnar upp. Áhugavert svar frá öðrum efasemda Búddatrúar þáttakandanum var á þá leið að „kirkjan hefði sérstakt útlit og væri andstæða annarra íslenskra kirkna“. Önnur áhugaverð svör voru til dæmis „arkitektúrinn væri mjög sannfærandi með austurlenskum áhrifum“, „kirkjan varð á leið okkar og ég er frekar sorgmædd og er í sorg“, „til að hafa meiri skilning á lífi borgaranna“ og „kirkjan skar sig úr og bauð mann velkominn“.

Tafla 8: Af hverju heimsóttir þú þessa kirkju?

Svör	Fjöldi	Prósentuhlutfall
Byggingarlist	10	33%
Áhugaverð	5	18%
Arkitektúrs	3	10%
Falleg	3	10%
Menning	2	7%
Skoða	2	7%
Trúar	1	3%
Sorgar	1	3%
Sem ferðamannastað	1	3%
Ævintýris	1	3%
Vegna tilviljunar	1	3%
Samtals:	30	100%

4.1.9 Fannstu það sem þú leitaðir að?

Sjötta opna spurningin var: „Fannstu það sem þú leitaðir að?“. 85% svöruðu játandi, önnur svör voru „ég fann andrúmsloft þagnarinnar“, „ég er enn að leita“, „var ekki að leita að neinu sérstöku“ og einn svaraði ekki spurningunni. 44% svöruðu þessari spurningu eingöngu með „já“ og 41% bættu við athugasemdum. Þar kom fram hjá þremur að þau hefðu fundið friðinn, þrír tóku fram að kirkjan væri falleg og einn svaraði að hann hefði notið fegurðarinnar. Einn þátttakandi skrifaði við þessa spurningu „já í rauninni er þessi kirkja besta kirkjan sem við höfum heimsótt á Íslandi“. Eitt svar var „já, þetta er staður þagnarinnar og ég fann það að við vorum velkomin hingað“. Einn skrifaði „já, eilífðinni, útlinum, munum, gluggarnir áhugaverðir og sætin öðruvísi“. Enginn ferðamannanna sem kom í Háteigskirkju nefndu að þeir hefðu komið til að skoða kirkjulist. Kirkjulist inniheldur, altarisklæði, skírnarfont, kertastjaka og myndlist innan kirkjunnar. Flestir nefndu orðið byggingarlist sem hvata af heimsókn þeirra í Háteigskirkju.

Tafla 9: Fannstu það sem þú leitaðir að?

Svör	Fjöldi	Prósentuhlutfall
Eingöngu já	13	44%
já + athugasemdir	12	41%
Ég fann kyrrð	1	3%
Að hluta til	1	3%
Er enn að leita	1	3%
Ekki að leita að neinu sérstöku	1	3%
Ósvarað	1	3%
Samtals:	30	100%

5. Umræður og ályktanir

Lagt var upp með rannsóknarspurninguna „Hvers vegna heimsækja ferðamenn kirkjur?“. Með því að greina niðurstöður spurningarinnar í töflu 5 „Af hverju heimsækir þú kirkjur?“, má draga þá ályktun að tæplega 30% geri það vegna byggingarlistar en eingöngu 9% vegna trúar. Samkvæmt því er nútímaferðamaðurinn sem heimsækir kirkjur að ferðast frá sínu eigin umhverfi til að upplifa umhverfi annarra eins og Graburn (1978) vill halda fram. Sú fræðilega nálgun sem sett var fram í upphafi hvort hægt sé að tengja athafnir ferðamanna sem heimsækja kirkjur við kenningar um píligrímsferðir má segja að ferðamenn nútímans líta ekki á sig sem píligríma. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að aðeins 9% sem heimsóttu Háteigskirkju í þessari rannsókn komu af trúarlegum ástæðum.

Í fyrstu opnu spurningunni (tafla 4) „Hvernig staður er kirkja fyrir þig?“, svara tólf af þrjátíu með orðum sem tengjast trú og átta tengja staðinn við frið. Draga má þá ályktun af þessum fjölda að í huga ferðamanna er kirkjustaður tengdur trú.

Niðurstöður spurningarinnar (tafla 5) „Af hverju heimsækir þú kirkjur?“. Eru þær að erlendir ferðamenn sem heimsækja kirkjur koma aðallega til að skoða byggingarlist. Það sem kom rannsakanda mest á óvart var að enginn tók fram að hann kæmi í kirkjuna eingöngu af forvitni. Við heimsækjum kirkjur vegna þess að við erum að leita, leita að einhverju sem uppfyllir okkur af andagift og þrá eftir einhverju stórkostlegu. Fara úr hversdagsleikanum eins og Cohen vill halda fram og upplifa eitthvað nýtt. Kirkjan tengist mörgum stórvíðburðum í lífi hvers einstaklings. Þær hafa persónulega þýðingu, þær hafa sögu, þær geyma menningararfleifð og eru með áhugaverða byggingarlist. Þær sinna margvíslegum þörfum og eru aðdráttarafl. Þær eigum við vissan griðarstað þar sem kyrrð og fegurð eru í fyrirrúmi, frá amstri hins daglega lífs.

Sjötta opna spurningin er (tafla 6) „Hefur þú heimsótt aðrar kirkjur á Íslandi?“. Svöruðu 27 af 30 þátttakendum „já“ og þrír svöruðu, „ekki ennþá“. Án þess að það breyti neinu um niðurstöðuna þá hefði kannski átt að gefa svarendum sem sögðu „ekki ennþá“ tækifæri á að svara: Munt þú? Já eða nei? Leiða má líkur að þrátt fyrir mismunandi svör við öðrum spurningum rannsóknarinnar, þá eru ferðamenn óafvitandi að sækjast eftir því sama og píligrímar fyrri alda, að frátöldum syndaaflausnum sem Kapólska kirkjan bauð upp á, það er að segja að nálgast friðinn og nærveruna við hið himneska.

Í sjöundu spurningunni (tafla 7) var spurt „Heimsækir þú venjulega kirkjur á ferðalögum?“. Svarið var afdráttarlaust, allir svöruðu játandi. Án þess að rannsókn hafi sérstaklega verið gerð á því hve stór hluti ferðamanna heimsækja kirkjur á ferð sinni, er ljóst að töluverður hluti þeirra hlýtur að gera það. Sérstaklega þeir ferðamenn sem ferðast á eigin vegum en væntanlega í mun minna mæli hjá þeim sem koma til landsins í fyrirfram skipulagðar ferðir, t.d. hestaferð eða viðskiptaferð. Fyrir ferðamann sem vill heimsækja kirkju hér á landi eru margir valkostir í boði. Líklegt er að hin háreista Hallgrímskirkja sé þar efst á blaði, Dómkirkjan komi næst, þá Kristskirkjan og svo jafnvel Háteigskirkja. Það er áhugavert að svarendur heimsækja vanalega kirkjur á ferðalögum sínum sem bendir til einlægs áhuga þeirra á þeim.

Áttunda spurningin var (tafla 8) „Af hverju heimsóttir þú þessa kirkju?“. Áberandi margir svöruðu vegna byggingarlistar eða þriðjungur svarenda. Í heild reyndust 71% koma í kirkjuna vegna byggingarinnar og 29% vegna huglægs áhuga. Samkvæmt þessari niðurstöðu komu 71% ferðamannanna vegna áhorfs eins og Urry (1990) bendir á og að þeir séu sjónrænir neytendur. Níunda spurningin (tafla 9) var „Fannstu það sem þú leitaðir að?“. Svörin voru afdráttarlaus því að 85% svöruðu eindregið „já“ en hinir svöruðu spurningunni ekki beint og svör þeirra innihalda ekki neikvæða þætti. Athyglisvert er að allir svarendur koma frá Evrópu en enginn frá Asíu né Ameríku þrátt fyrir að bandarískir ferðamenn séu að öllu jöfnu mjög fjölmennir hér á landi.

Er hægt að tengja athafnir ferðamanna sem heimsækja kirkjur við kenningar um pílgrímsferðir? Orðið pílgrímsferð (e. pilgrimage) vísar í flestum tilfellum til trúarlegs fyrirbrigðis. Eins og Coleman (2002) bendir á þá hefur orðið víðtækari merkingu. Í þessari ritgerð er þetta orð aðallega hugsað út frá því trúarlega, þ.e.a.s. ferð á vit helgra staða óháð trúarbrögðum. Kristnir ferðast aðallega til Jerúsalem, Rómar og Compostela. Múslimar ferðast til Mekka og hindúar til Allahabad (Elísa Guðrún, 2003). Pílgrímsferðir í trúarbrögðum eru mis fjölmennar, þannig krefst Islam þess að hver múslimi heimsæki hina heilögu borg Mekka, að minnsta kosti einu sinni á ævinni. Kristnir pílgrímar nútímans eru ekki klæddir lengur eins og pílgrímar til forna, þegar þeir voru íklæddir skikkjum með krossmarki á, með hatt og poka yfir öxl sér (Swatos Jr. & Tomasi, 2002). Í dag eru flestir þeirra klæddir eins og nútíma ferðamenn, í stuttbuxum og með bakpoka á bakinu. Sameiginlegt flestum ferðum í dag er að þær innihalda ákveðið markmið eins og var aðalatriðið í öllum pílgrímsferðum. Í ferðum nútíma ferðamannsins sækist hann oft eftir spennu og ævintýrum eða einhverri nýrri upplifun til að komast út úr sínu hversdagslega umhverfi eins og Cohen (1996) heldur fram. Þegar nútíma ferðamaðurinn snýr aftur heim er hann fullur tilhlökkunar að segja öðrum frá upplifun sinni. Þetta svipar til pílgríma fyrri alda sem snéru til síns heima til að stæra sig af sinni reynslu og njóta upphefðar vina og fjölskyldu. Slíkar frásagnir vekja oft upp áhuga og langanir til að upplifa eitthvað svipað hjá þeim sem heyra ferðasöguna. Niðurstöður rannsóknarinnar gætu nýst ferðaþjónustunni á þann hátt að möguleiki væri að bjóða uppá menningarferðir í kirkjur en þannig ferðir er hægt að bjóða upp á allan ársins hring.

Heimildir

Andriotis, K. (2009). Sacred Site Experience. *Annals of Tourism Research*, Vol.36 (1), 64-84.

Anna Helga Jónsdóttir & Sigrún Helga Lund (2010). *Tölfræði frá grunni*. Reykjavík: Háskólafjölritun.

Clark, V. L. & Creswell, J. W. (2007). *Mixed Methods Research*. Thousand Oaks California: Sage Publication, Inc.

Cohen, E. (1996). A phenomenology of Tourist Experiences. Í *Y. Apostolopoulos o.fl. (ritstj.) The Sociology of Tourism: Theoretical and Empirical Investigations*. London: Routledge.

Coleman, S. (2002). Do you believe in pilgrimage? *Anthropological Theory (London, Thousand Oaks, CA and New Delhi)* 2(3), 355-368.

Dómkirkjan (á.á.). *Helgisetur frá upphafi byggðar*. Skoðað 06. 05. 2012 á <http://domkirkjan.is/sagan/helgisetur-fra-upphafi-bygg%C3%B0ar/>

Eade, J. & Sallnow, M. (1991). Introduction. Í Eade, J. & Sallnow, M. (ritstj), *Contesting The Sacre*, (1-29). London: Routledge.

Edensor, T. (2001). Performing Tourism, Staging Tourism: (Re)producing tourist spaces and practices. Í *Tourist Studies*. Vol. 1(1): 59-81.

Elísa Guðrún (2003). Á helgum slóðum. *Lifandi Vísindi*, 10, 52-60.

Esterberg, K. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston: McGraw-Hill.

Europeish (á.á.). *The 79 Most Beautiful European Churches*. Skoðað 10.05. 2012 á <http://www.europeish.com/beautiful-churches-europe/>

Ferðamálastofa (á.á.). frá Niðurstöður könnunar Ferðamálastofu meðal erlendra ferðamanna sumarið 2011. Skoðað 04. 05. 2012 á <http://ferdamalastofa.is/Category.mvc/DisplayElement?catid=792&moduleid=220&sid=7849>

Ferðamálastofa (2011). *Ferðamálastofa*. Skoðað 28.02. 2012 á http://ferdamalastofa.is/upload/files/Ferdatjonusta_i_tolum_mars_2011.pdf

Graburn, N. (1978). The Sacred Journey í (ritstj.) V. Smith Hosts and Guests: *The Anthropology of Tourism*. Oxford: Basic Blackwells.

Hagstofa Íslands (á.á.). *Gistinætur á hótélum eftir ríkisfangi, landsvæði og mánuði*. Skoðað 05. 05. 2012 á <http://hagstofa.is/Hagtolur/Ferdamal-samgongur-uppltaekni/Gisting>

Hallgrímskirkja (á.á.). *Um Hallgrímskirkju*. Skoðað 06. 05. 2012 á <http://hallgrimskirkja.is/soknin/>

Háteigskirkja (á.á.). *Háteigskirkja*. Skoðað 25. 02. 2012 á <http://kirkjan.is/hateigskirkja/um-kirkjuna/kirkjukor-hateigskirkju/>

Hjalti Hugason (2000). Pílagrímsferðir - reisir um innra og ytra landslag. *Kirkjuritið: 2 hefti, 67 árgangur*, 45-47.

Jón Björnsson (2002). *Á Jakobsvegi*. Reykjavík: Ormstunga.

kirkjukort.net (á.á.). *kirkjukort.is*. Skoðað 26. 02. 2012 á http://kirkjukort.net/kirkjur/holadomkirkja_0148.html

Laufey Guðnadóttir & Soffía Guðný Guðmundsdóttir (2001). *Handritin heima*. Skoðað 10. 05. 2012 á Kirkjulist: <http://handritinheima.is/myndasafnid/myndasafnid.htm>

MacCannell, D. (1992). *Í Empty meeting grounds: the tourist paper* (346). London: Routledge.

MacCannell, D. (1999). *The Tourist: A New Theory of the Leisure Class*. Berkeley: University of California Press (Introduction, 1-16).

McKay, J. P., Hill, B. D., Buckler, J., Ebrey, P. B., Beck, R. B., Crowston, C. H., o.fl. (2009). *The World of Rome (753 B.C.E.-479 C.E.)*. Í *A History of World Societies* (116). Boston: Bedford / St. Martin's.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (á.á.). *Reykjavík menningarborg*. Skoðað 05. 05. 2012 á <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing/efni/utgefing-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/1208>

Perkins H. C. & Thorns, D. C. (2001). Gazing or Performing?: Reflection on Urry's Tourist Gaze in the Context of Contemporary Experience in the Antipodes. Í *International Sociology*, Vol 16(2): 185-204.

Ragnar Geir Brynjólfsson (2012). *Pílagrímsferðir og suðurgöngur*. Skoðað 13. 03. 2012 á http://www.kirkju.net/index.php/pilagrimsfereir_og_sueurgongur?blog=8

Reykjavíkurborg (á.á.). *Fréttasafn 2009*. Skoðað 11. 05. 2012 á http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4531/7790_read-18118/7790_page-2/

Reykjavíkurborg (á.á.). *Menningar- og ferðamálasvið*. Skoðað 05. 05. 2012 á http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3728/6139_view-2620/

Samgönguráðuneytið (1995). *Skýrsla nefndar um tengsl menningarsögu þjóðarinnar við ferðapjónustu*. Sótt 05. 10 2012 frá <http://ferdamalastofa.is/Research.mvc/Material/60>

Shackley, M. (2002). Space, Sanctity and Service; the English Cathedral as heteropia. *International Journal of Tourism Research*, 345-352.

Sharpley, R. (2009). Tourism, Religion and Spirituality. Í T. Jamal, & M. Robinson (ritstj.), *The Sage Handbook of Tourism Studies*, Vol. 4(5): 237-253. London: SAGE publications Ltd.

Silver, C. (2010). *Dura-Europis: Crossroad of Cultures*. Skoðað 25. 02. 2012 á http://www.archaeology.org/online/features/dura_europos/

Swatos Jr., W. H., & Tomasi, L. (2002). *From Medieval Pilgrimage to Religious Tourism*. London: Praeger Publishers.

T, M. (2012). *Top 10 Attractions in Reykjavík*. Skoðað 11. 05. 2012 á <http://goscandinavia.about.com/od/thingstodo/tp/reykjavikattrac.htm>

Tómas Ingi Olrich (2001). *Menningartengd ferðaðjónusta*. Reykjavík: Samgönguráðuneytið.

Trevora Media, I. (2011). *Reykjavík things to do*. Skoðað 11. 05. 2012 á http://www.travelmuse.com/destinations/IS/10/reykjavik/_attractions

Ulanov, A. B. (2001). Picturing god. Í *The Christian Fear of the Psyche*. Wipf and Stock Publisehers: U.S.A.

Urry, J. (1990). *The Tourist Gaze: leisure and travel in contemporary*. London: SAGE Puplication.

Vísindavefurinn (á.á.). *Hvað eru margar kirkjur á Íslandi?* Skoðað 24. 02. 2012 á <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=23820>

Þjóðkirkjan (á.á.). *Menning og listir*. Skoðað 24. 02 2012 á <http://kirkjan.is/thjonusta/menning/>

Þjóðkirkjan (á.á.). *Hvað er Þjóðkirkjan?* Skoðað 15. 03 2012 á <http://kirkjan.is/hvad-er-thjodkirkjan/>

Viðauki

Dear guest

I would greatly appreciate if you would kindly take a few minutes of your time to answer the following questions regarding your visit to this church, Háteigskirkja.

This questionnaire is only intended to help me to write my dissertation in Tourism Studies at the University of Iceland.

The answers will not be traceable to you in any way.

Gender:

Man Female Nationality _____

Religion:

Lutheran Catholic Other

Please specify:

What kind of a place is a church for you ?

Why do you visit a church?

Have you visited other churches in Iceland?

Do you generally visit churches when traveling?

Yes No

Why did you visit this church?

Did you find what you were looking for?
